



FL Group skilar 11,3 milljarða króna hagnaði fyrir skatta fyrstu níu mánuði ársins

- Hagnaður fyrir skatta eykst um meira en 40% frá sama tíma á síðasta ári
- Nýtt hlutafé að markaðsvirði 33,4 milljarðar gefið út á þriðja ársfjórðungi
- Hagnaður fyrir skatta nemur 36,1 milljarði króna fyrstu 10 mánuði ársins

Hagnaður FL Group fyrir skatta fyrstu níu mánuði ársins 2006 nam 11.317 milljónum króna samanborið við 8.030 milljón króna hagnað á sama tímabili síðasta árs. Eftir skatt nemur hagnaður FL Group 10.978 milljónum á fyrstu níu mánuðum ársins, en hann nam 6.575 milljónum króna fyrstu níu mánuði síðasta árs. Á þriðja ársfjórðungi 2006 skilaði FL Group 5.257 milljón króna hagnaði eftir skatta en á sama tíma í fyrra nam hagnaður fyrirtækisins 4.642 milljónum króna. Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatt fyrstu níu mánuði ársins nam 8.620 milljónum króna en á sama tíma í fyrra var hann 6.153 milljónir.

HELSTU ATRIÐI

- Nýtt hlutafé að markaðsvirði 33,4 milljarðar gefið út á þriðja ársfjórðungi
- FL Group tilkynnti þátttöku í kaupum á House of Fraser á þriðja ársfjórðungi en kaupunum lauk nýverið
- Hluttur FL Group í Glitni var aukinn í 27,6% á fjórðunginum
- Hagnaður fyrir skatt fyrstu níu mánuði ársins 11.317 milljónir króna
- Heildareignir við lok þriðja ársfjórðungs nema 239,5 milljörðum króna og hafa aukist um 36,9 milljarða frá lokum annars ársfjórðungs
- Bókfært eigið fé félagsins við lok þriðja ársfjórðungs nam 112,2 milljörðum króna
- Eiginfjárhlutfall FL Group við lok þriðja ársfjórðungs er 48,9%, að teknu tilliti til fjármögnunar á fyrirframgreiðslum vegna kaupa á Boeing 737 800 flugvélum
- Handbært fé í lok þriðja ársfjórðungs nam 16,2 milljörðum króna
- Afkoma Icelandair Group fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) fyrstu níu mánuði ársins nam 5.720 milljónum króna. Á þriðja ársfjórðungi nam EBITDA 4.421 milljónum króna í samræmi við væntingar
- Afkoma Icelandair Group fyrir skatt fyrstu níu mánuði ársins var 3.939 milljónir króna. Afkoma þriðja ársfjórðungs var 3.056 milljónir króna fyrir skatt
- Afkoma Sterling fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) fyrstu níu mánuði ársins var -877 milljónir króna. Að frádregnum einskiptiskostnaði var EBITDA jákvæð um 163 milljónir króna. Á þriðja ársfjórðungi nam EBITDA Sterling fyrir afskriftir 1.294 milljónum króna, en 1.525 milljónum króna að frátöldum einskiptiskostnaði
- Afkoma Sterling fyrir skatt á fyrstu níu mánuðum ársins 2006 var -1.402 milljónir króna. Að frádregnum einskiptiskostnaði á fyrstu níu mánuðum ársins nemur afkoma fyrir skatt á tímabilinu -362 milljónum króna. Hagnaður þriðja ársfjórðungs fyrir skatt nemur 1.124 milljónum króna en 1.355 milljónum króna þegar einskiptiskostnaður er frátalinn

HELSTU ATRIÐI FRÁ 30. SEPTEMBER 2006

- Öll hlutabréf FL Group í Icelandair Group seld
- Hagnaður FL Group fyrstu 10 mánuði ársins fyrir skatt, nemur 36,1 milljarði króna, samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri
- Bókfært eigið fé 31. október nemur 131,2 milljörðum króna samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri. Eiginfjárhlutfall er því 53,9%
- FL Group skrifar undir 250 milljóna evra sambankalán til fjármögnunar kaupum á hlutabréfum í Glitni

Hannes Smárason forstjóri FL Group:

„Hagstæður rekstur FL Group á þriðja fjórðungi ársins er fagnaðarefni. Þetta var viðburðaríkur tími í sögu félagsins og enn og aftur tókst vel til við rekstur, fjárfestingar og fjárstýringu. Útgáfa nýrra hluta í FL Group í tengslum við kaup á hlutum í Straumi-Burðarási hefur styrkt eiginfjárstöðu félagsins verulega. Eftir lok þriðja fjórðungs var gengið frá sölu á öllum hlut FL Group í Icelandair Group og auk þess hefur vinna við fjármögnun félagsins tryggt að það hefur yfir miklum fjármunum að ráða. Rekstur Sterling er á réttri leið og við teljum horfur í rekstri þess jákvæðar. Það er þess vegna ljóst að framundan eru spennandi tímar fyrir FL Group enda hefur félagið skapað sér trausta umgjörð til að takast á við ný verkefni.“

LYKILTÖLUR

milljónir ISK	Samstæða		Samstæða	
	9 mán 06	9 mán 05	3F 06	3F 05
Rekstrarreikningur				
Fjárfestingatekjur	10.152	5.650	565	2.635
Rekstrartekjur	81.182	36.838	35.212	16.774
Rekstrargjöld án afskrifta	-79.169	-33.983	-29.754	-13.089
Afskriftir	-848	-475	-1.016	-626
Hagnaður fyrir tekjuskatt	11.317	8.030	5.007	5.694
Tekjuskattur	-339	-1.455	250	-1.052
Hagnaður tímabilsins	10.978	6.575	5.257	4.642
			30 / 09	31 / 12
Efnahagsreikningur				
Eignir samtals			239.465	132.618
Skuldir samtals			127.314	58.175
Eigið fé samtals			112.151	74.443

FJÁRFESTINGAR

Hagnaður af fjárfestingastarfsemi FL Group fyrir skatt nam 8.620 milljónum króna fyrstu níu mánuði ársins 2006. Eftir skatt nemur hagnaðurinn 8.571 milljónum króna. Á þriðja ársfjórðungi var hagnaður af fjárfestingastarfsemi FL Group 516 milljónir króna fyrir skatt og eftir skatt nam hann 1.617 milljónum króna.

FL Group hefur aukið fjárfestingar sínar í markaðsverðbréfum, aðallega á innlendum markaði með kaupum á bréfum í Straumi Burðarási og auknum hlut í Glitni. Fjárfestingar í seljanlegum verðbréfum jukust um 53,3 milljarða króna á þriðja fjórðungi ársins. Í lok september námu eignir FL Group í markaðsverðbréfum 197,2 milljörðum króna, þar af voru 45,4 milljarðar króna í erlendum verðbréfum og 148,1 milljarður í innlendum verðbréfum. Af heildarsafni markaðsverðbréfa eru 79,3 milljarðar króna í framvirkum samningum. Stærstu fjárfestingar félagsins eru í Glitni, 80 milljarðar króna og í Straumi Burðarási, 48,2 milljarðar króna.

Sala á hlutbréfum í Icelandair Group

Sala á öllum hlutabréfum FL Group í Icelandair Group var tilkynnt í október. Brúttó söluhagnaður af sölnunni nam 26 milljörðum króna (m.v. bókfært verð Icelandair Group 30 júní síðastliðinn) og af honum bókfærast um 3 milljarðar á þriðja ársfjórðungi. Söluvirði hlutabréfanna nemur 33,5 milljörðum króna sem greitt var með reiðufé. Eftir sölu á Icelandair Group og aðra fjárfestingastarfsemi í október nemur bókfært eigið fé FL Group 131,2 milljörðum króna. Salan á Icelandair Group gerði FL Group kleift að innleysa dulda eign í Icelandair Group og um leið eykur hún möguleika til frekari fjárfestinga til mikilla muna.

Sterling Airlines – Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði batnar um 5,9 milljarða milli ára

Fyrstu níu mánuðir ársins voru Sterling Airlines hagfelldir. Rekstrarbati félagsins hefur verið stöðugur og mun betri árangur náðist á þriðja ársfjórðungi 2006 en 2005. Afkoma Sterling fyrir afskriftir fyrstu níu mánuði ársins, þegar frá er talinn einskiptiskostnaður, sýnir tæplega 5,9 milljarða króna bata milli ára, en að meðtöldum einskiptiskostnaði er batinn 4,9 milljarðar króna. Afkoma fyrir afskriftir á þriðja ársfjórðungi, án einskiptiskostnaðar, var 1.525 milljónir króna en 1.294 milljónir að honum meðtöldum. Fyrir sama tímabil í fyrra var afkoma hjá Sterling neikvæð um 3.283 milljónir króna. Batinn nemur því 4.638 milljónum króna án einskiptiskostnaðar eða 4.557 milljónir króna að kostnaðinum meðtöldum. Velta Sterling á þriðja ársfjórðungi var 15.811 milljónir og veltan nemur 36.461 milljón króna fyrstu níu mánuðina 2006.

milljónir króna	9 mán 2005	9 mán 2006 án einskiptiskostnaðar	Breyting
EBITDA	-5.751	163	5.914

Rekstrarbati Sterling fyrstu níu mánuði ársins næst þrátt fyrir að einskiptiskostnaður hafi numið 1.040 milljónum króna, þar af 231 milljón króna á þriðja ársfjórðungi. Það er því ljóst að rekstur Sterling er á áætlun, þó eldsneytisverð hafi hækkað gríðarleg á árinu, tekjur hafi minnkað vegna hitabylgju á Norðurlöndum síðastliðið sumar og áhrifa sem deilur vegna birtinga á teikningum af Múhameð spámanni höfðu á ferðamennsku.

Á árinu 2005 nam samanlagt tap félaganna Sterling og Maersk 9.242 milljónum króna. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í sameiningu fyrirtækjanna og er markmiðið að Sterling verði rekið á sléttu á þessu ári. Annað árið í röð hefur Sterling fengið Danish Travel Award sem besta laggjaldaflugfélagið sem þjónar Danmörku og kannanir hafa sýnt að nafn Sterling er með best þekktu vörumerkjum á Norðurlöndum. Horfur í rekstri félagsins fyrir síðasta fjórðung þessa árs og árið 2007 eru því jákvæðar.

HORFUR

Í ljósi sölunnar á Icelandair Group og árangursríkrar fjármögnunar hefur FL Group nú yfir að ráða umtalsverðum fjárstyrk sem býr til tækifæri til nýrra fjárfestinga. Á sama tíma er eiginfjárstaða félagsins afar sterk og hefur FL Group því svigrúm til að takast á við stórar fjárfestingar. Vinna við núverandi fjárfestingar félagsins lofar góðu og ekkert bendir til annars en að þær skili góðri ávöxtun þegar til lengri tíma er litið.

Kynning fyrir markaðsaðila verður haldin á Nordica Hótel mánudaginn 13. nóvember og hefst kl. 11:00. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. FL Group mun varpa fundinum beint á internetinu. Hægt verður að nálgast vefvarpið á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is, fyrir fundinn.

Nánari upplýsingar veita.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group
Sveinbjörn Indriðason, fjármálastjóri FL Group
Kristján Kristjánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs
Sími 591 4400

UM FL GROUP

FL Group er fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig annars vegar í áhrifafjárfestingum og umbreytingarverkefnum og hins vegar í eignastyringu þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku á verðbréfamörkuðum. Félagið horfir einkum til Norður-Evrópu í sínum fjárfestingum en hefur þó almennt breiða sýn. Í lok september 2006 voru heildareignir félagsins 237 milljarðar króna. FL Group er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: FL).

Stærstu hluthafar FL Group eru: Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf. (19,8%), í eigu Hannesar Smárásonar, forstjóra; Baugur Group (18,1%); Magnús Kristinsson (14,7%); Kristinn Björnsson (8,4%); Icon (5,6%) og Materia Invest (5,1%). Í sumum tilfellum eru hlutirnir skráðir á nafn íslenskra fjármálafyrirtækja vegna framvirkra samninga.

STÆRSTU FJÁRFESTINGAR

Glitnir er íslensk-norsk bankasamstæða með starfsemi í fimm löndum. Bankinn er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi, lánveitinga og almennra bankaviðskipta. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Straumur-Burðarás er sérhæfður fjárfestingabanki og býður fjárfestinga- og fyrirtækjaþjónustu á Íslandi, Bretlandi og Danmörku. Straumur Burðarás er skráður í Kauphöll Íslands.

Aktiv Kapital er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum. Starfsemi félagsins skiptist í þrennt, kaup á lánasöfnum sem komin eru í vanskil, innheimta viðskiptakrafna og umsysla reikninga. Félagið er skráð í kauphöllinni í Osló.

Finnair er eitt elsta starfandi flugfélag heims. Félagið er markaðsráðandi í flugi til og frá Finnlandi, flygur til um 50 áfangastaða viðsvegar um heim, þar á meðal lykiláfangastaða í Asíu. Félagið er skráð í kauphöllinni í Helsinki.

Bang & Olufsen samstæðan þróar, framleiðir og selur hljóm- og myndflutningslausnir undir hinu þekktu vörumerki félagsins. Félagið hefur lengi verið í fremstu röð hvað varðar hönnun og gæði. Félagið er skráð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Royal Unibrew er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi í Skandinavíu. Samstæðan samanstendur af fjórum dönskum, tveimur litháenskum, tveimur pólskum og tveimur lettneskum drykkjarvöruframleiðendum. Félagið selur áfengar og óáfengar drykkjarvörur á mörkuðum í Evrópu, Afríku og Ameríku. Félagið er skráð í kauphöllina í Kaupmannahöfn.